

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra þriðjudaginn 5. janúar 2010 í máli

nr. E-601/2008:

Jarðvélar ehf. þb.

(Grétar Dór Sigurðsson hdl.)

gegn

Kraftbílum ehf

(Þorsteinn Hjaltason hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. nóvember, er höfðað með stefnu, birtri 14. október 2008, af Þrotabúi Jarðvéla ehf., kt. 000000-0000, Síðumúla 28, Reykjavík, á hendur Kraftbílum ehf., kt. 000000-0000, Réttarhvammi 1, Akureyri, en fyrir hönd hins stefnda einkahlutafélags er stefnt stjórnarformanni Óskari Óskarssyni, kt. 000000-0000, Hringtúni 38, Dalvík.

Dómkröfur:

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda 2.193.020 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 23. maí 2008 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess að rift verði þeirri ráðstöfun sem falizt hafi í úthlutun sýslumannsins í Reykjavík til stefnda, á fjármunum sem fengizt hafi á nauðungaruppboði hinn 2. febrúar 2008.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi þess.

Upphaflega krafðist stefnandi einnig, í varakröfu sinni, riftunar úthlutunar sýslumanns til stefnda á fjármunum sem fengizt hefðu á nauðungaruppboði 1. desember 2007, en í upphafi aðalmeðferðar málsins féll stefnandi frá þeirri kröfu.

Málavextir

Hinn 24. september 2007 var, að kröfu stefnda, sem þá bar nafnið Höfðadekk ehf., gert fjárnám í 25 nánar tilgreindum bifreiðum í eigu Jarðvéla ehf. og í eignarhluta fyrirtækisins í tiltekinni fasteign.

Hinn 1. desember 2007 voru þrjár bifreiðar í eigu Jarðvéla seldar nauðungarsölu. Af uppboðsandvirði bifreiðanna, [...], [...]og [...], var alls 161.604 krónum úthlutað til stefnda.

Hinn 2. febrúar 2008 voru bifreiðar og tæki í eigu Jarðvéla ehf. seld nauðungarsölu. Af uppboðsandvirði bifreiðanna, [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...] og [...], var úthlutað til stefnda alls 2.031.416 krónum.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur hinn 7. febrúar 2008 var bú Jarðvéla ehf. tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 11. janúar 2008.

Með bréfi hinn 23. apríl 2008 fór skiptastjóri stefnanda fram á það við stefnda að stefnanda yrðu endurgreiddar þær fjárhæðir sem stefnda hefði fengið á grundvelli fjárnáma í eignum Jarðvéla ehf. síðasta hálfu árið fyrir frest dag. Kröfunni var hafnað.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst einkum byggja aðalkröfu sína á 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira. Samkvæmt henni skuli fjárnám, sem gert hafi verið í eignum þrotamanns síðasta hálfu árið fyrir frest dag, falla sjálfkrafa niður, renni eignin til þrotabúsins. Frestdagur stefnanda þessa máls hafi verið 11. janúar 2008. Þær eignir stefnanda, sem vísað sé til í málavaxtalýsingu, hafi verið seldar á tveimur nauðungarsölum og hafi önnur farið fram 1. desember 2007 en hin 2. febrúar 2008, en fjárnám hafi farið fram 24. september 2007 og 5. desember 2007. Samkvæmt ákvæði 138. gr. laga nr. 21/1991 hefðu hins vegar öll fjárnám, hálfu ári fyrir frest dag, að falla niður. Hefðu fjárnám eftir 11. júlí 2007 að falla niður sjálfkrafa en nauðungarsölur hefðu allt að einu náð fram að ganga og stefnda fengið greitt við úthlutun eftir nauðungarsölurnar. Kveðst stefnandi telja að greiðslur krafna, sem fram hafi farið á grundvelli nauðungarsalanna, í kjölfar fjárnáma stefnda á hendur stefnanda, sem einnig hafi verið gerðar innan hálfes árs fyrir frest dag, séu riftanlegar á grundvelli 138. gr. laga nr. 21/1991, en þessar greiðslur hafi beinlínis verið tengdar fjárnámi stefnda á hendur félaginu. Stefnandi kveðst telja að nauðungaruppboðin, sem fram hafi farið innan áskilins frests 138. gr. laganna, og niðurstaða þeirra, skuli standa, nema þeim verði hnekkt með málskoti eða skýrum lagaákvæðum, sem ekki sé til að dreifa hér. Engu að síður telji stefnandi, að sé eign þrotamanns seld innan þess frests, eða eftir að hann sé liðinn, verði að líta svo á að þeim sem byggt hafi rétt til söluandvirðis á nauðungarsölu, sem fram hafi farið innan þess frests sem nefndur sé í 138. gr. laga nr. 21/1991, beri að endurgreiða þrotabúinu allan þann ávinning sem sá hafi haft af úthlutunni, og kveðst stefnandi þar vísa til 1. mgr. 142. gr. laganna. Stefnandi kveðst telja, að þar sem stefnda hafi byggt rétt til úthlutunar vegna nauðungarsalanna, og þannig byggt rétt sinn til söluandvirðis á réttargerð sem fram hafi farið innan þess frests sem greini í 138. gr. laga nr. 21/1991, beri stefnda að endurgreiða stefnanda þann ávinning sem stefnda hafi haft af úthlutuninni.

Stefnandi segir, að þær eignir sem gert hafi verið fjárnám í og síðan seldar nauðungarsölu, hefðu verið áfram í eigu búsins og gengið til kröfuhafa eftir forgangs röðun, hefðu fjárnámin og nauðungarsölurnar ekki náð fram að ganga.

Umræddar greiðslur til stefnda hafi leitt til þess að aðrir kröfuhafar hafi fengið minna í sinn hlut en ella hefði orðið. Það að stefnda hafi náð að knýja fram greiðslu innan frests 138. gr. laga nr. 21/1991 leiði til ójafnræðis kröfuhafa. Séu greiðslur til stefnda á grundvelli nauðungaruppboðanna í ósamræmi við tilgang laganna og kveðst stefnandi einnig benda á, að tilgangur lagagreinarinnar sé einkum sá að þrotabú sé óbundið af tilteknum réttargerðum sem fram fari síðasta hálf árið fyrir frestdag. Stefnandi kveðst, í ljósi þess að skilyrði til beiingar 138. gr. laga nr. 21/1991 séu til staðar, krefjast þess að stefnda greiði þá upphæð sem það hafi fengið úthlutað á grundvelli nauðungaruppboðanna, alls 2.193.020 krónur.

Stefnandi kveðst byggja varakröfu sína á því að greiðslur hafi farið fram eftir frestdag og krefjast riftunar þeirra á grundvelli ákvæðis 139. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt greininni megi krefjast riftunar greiðslu ef greitt er eftir frestdag, nema reglur XVII. kafla laganna hefðu leitt til þess að skuldin hefði greiðzt við gjaldþrotaskipti, nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá sem greiðslu hafi notið hafi hvorki vitað né mátt vita að komið hefði fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings né krafa um gjaldþrotaskipti.

Stefnandi segir greiðslu samkvæmt nauðungarsölu hinn 2. febrúar hafa farið fram eftir frestdaginn 11. janúar 2008. Séu skilyrði riftunar til staðar að því er þá nauðungarsölu varði, en skuld stefnanda hefði ekki greiðzt við gjaldþrotaskipti. Þá hafi stefnanda augljóslega ekki verið nauðsynlegt að skuldin yrði greidd. Loks verði að telja að stefnda að stefndi hafi annað hvort vitað eða mátt vita að beiðni um greiðslustöðvun, beiðni um heimild til að leita nauðasamninga eða krafa um gjaldþrotaskipti hafi verið komin fram, en almennt megi ætla að sá sem beiðist fjárnáms eða nauðungarsölu telji skuldara líklegan til að vera ógjaldfæran og skilyrði komin til að krefjast gjaldþrotaskipta. Þær greiðslur sem fram hafi farið á grundvelli nauðungarsölu stefnda hinn 2. febrúar hafi numið 2.031.416 krónum. Endurgreiðsla vegna riftunar samkvæmt 139. gr. laga nr. 21/1991 skuli fara eftir almennum reglum, sbr. 2. mgr. 142. gr. laganna. Ljóst sé að tjón stefnda af ráðstöfuninni sé jafnt hagnaði stefnda af henni. Bætur á grundvelli 139. gr. ættu því að vera jafn háar.

Stefnandi kveðst byggja bæði aðal- og varakröfu sína á ákvæðum XII. kafla laga nr. 21/1991. Nauðungarsölurnar, sem hafi farið fram eftir frestdag og hálfu ári fyrir frestdag, hafi farið fram á grundvelli ógildra fullnustugerða. Sé í samræmi við XII. kafla laganna, og þau sjónarmið sem honum liggi að baki, að líta svo á að sá, sem fari fram á nauðungarsölu á eignum þrotamanns missi rétt sinn til úthlutunar á grundvelli uppboðsins.

Stefnandi segir kröfu sína um dráttarvexti miðaða við dagsetningu þrjátíu dögum eftir að bréf hafi verið sent lögmanni stefnda og krafizt greiðslu þess sem úthlutað hafi verið eftir uppboðin.

Stefnandi kveðst vísa, vegna greiðslukröfu sinnar, til ákvæða laga nr. 21/1991, einkum 138., 139. og 142. gr., XII. kafla, sem og meginreglu laganna um jafnræði kröfuhafa. Vegna kröfu um dráttarvexti vísi hann til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 og vegna varnarþings vísi hann til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991. Málskostnaðarkrafa sé byggð á 129. gr. sbr. 130. gr. þeirra laga.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefnda segir að forsendur 138. gr. laga nr. 21/1991 séu þær, að fjárnám sé í eign þrotamanns við upphaf skipta og eignin renni til þrotabúsins. Hvorugu sé fyrir að fara í máli þessu. Þegar bú Jarðvéla ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta hafi fjárnámin ekki lengur verið til, en við nauðungarsölu eignanna hafi fjárnámin fallið niður og sé það í samræmi við 2. mgr. 56. gr. og 69. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Eignirnar hafi verið seldar á nauðungarsölu áður en til gjaldþrotsins hafi komið og komi ekki til álita að þær renni til þrotabúsins.

Stefnda kveðst telja að skilja verði málalíbúnað stefnanda þannig að stefnandi telji 138. gr. laga nr. 21/1991 geyma reglu, er segi að hafi eign verið seld á nauðungarsölu á grundvelli fjárnáms, sem riftanlegt hefði verið, ef fjárnámið hefði verið til staðar við gjaldþrotið, þá beri þeim, sem uppboðsandvirðið hafi fengið í hendur, að skila því til þrotabúsins. Merking sem þessi sé hins vegar alls ekki í lagagreinininni og verði ekki fundin með hefðbundnum lögskýringum og lagatúlkunum. Sú regla, sem stefnandi vilji beita, sé ekki í íslenskum rétti og yrði hlutverk löggjafa en ekki dómstóla að breyta því.

Stefnda segir að riftunarreglur gjaldþrotalaga séu undantekningarreglur og beri að skýra þröngt. Hljóti því að vera óheimilt að búa til nýjar reglur á grundvelli þeirra. Tilgangur riftunarreglna sé að jafnræði sé á kröfuhöfum þrotabúsins. Því markmiði sé reynt að ná með skynsamlegum hætti án þess að skapa verri vandamál og ganga á ríkari hagsmuni. Opinbert fullnusturéttarfar megi ekki skerða meira en góðu hófi gegni. Gjaldþrotalög kveði upp úr um það, að fjárnám skuli ógild hafi þau verið gerð hálfu ári fyrir frestdag. Hefði alþingi viljað ganga lengra og viljað að uppboð og úthlutun yrðu einnig riftanleg, hefði verið kveðið á um slíkt í lögum.

Stefnda segir að í 58. gr. eldri gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið talað um fullnustugerðir. Í nógildandi lögum sé hins vegar sérstaklega tekið fram að eingöngu sé um að ræða aðfarargerðir, löggeymslu og kyrrsetningu. Með þessu hafi löggjafinn tekið af allan vafa um að aðrar fullnustugerðir ógildist ekki samkvæmt 138. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnda segir að fullnustugerðir verði að vera áreiðanlegar og menn geta treyst því að máli sé lokið þegar uppboðsandvirði hafi verið úthlutað. Þar sé ferlinu lokið og kröfuhafi kominn með fé í hendur. Óþolandi óvissa væri ef varðveita þyrfti allt úthlutað uppboðsandvirði þar til öruggt væri að uppboðspolinn yrði ekki gjaldþrota. Væri uppboðsbeiðandi þannig verr staddur með peningagreiðslu frá sýslumanni en ef hann hefði tekið við peningagreiðslu frá skuldara sjálfum, þar sem þröngar reglur gildi um riftun greiðslna þrotamanns sjálfs, sbr. 134. og 141. gr. laga nr. 21/1991, en greiðsla frá sýslumanni væri sjálfkrafa ógild ef þessi skilningur væri réttur.

Stefnda segir að úthlutun sé endir fullnustuferlis. Beiðendur verði að geta treyst því að endanlegt sé það sem opinberir aðilar hafi lokið í krafti fullnustulaga. Önnur skipan veiki fullnusturéttarfarið og ylli mikilli réttaróvissu og væru þar í húfi mun meiri hagsmunir en þeir sem skipti einstaka kröfuhafa þrotabús máli.

Stefnda segir að lög um gjaldþrotaskipti segi ekkert um það hvað gera skuli ef nauðungarsala hafi farið fram á grundvelli fjárnáms sem fallið hefði niður við gjaldþrot. Í greinargerð með 138. gr. laganna komi fram að hafi eign, sem aðfararveð sé í, verið seld á nauðungaruppbóði gildi 138. gr. ekki. Þýði þetta að lagagreininni verði ekki beitt, hvorki með lögjöfnun, eftir orðanna hljóðan né þannig að ný regla verði mynduð á grundvelli 138. gr. hafi nauðungarsalan farið fram. Beri því að hafna kröfu stefnanda.

Stefnda segir Hæstarétt Íslands hafa fjallað um þessi atriði í máli nr. 450/1993. Þar hafi fjárnám verið gert í peningagreiðslu, sýslumaður fengið peningana og afhent gerðarbeiðanda. Í málinu hafi verið krafizt ógildingar fjárnámsgerðar en ekki riftunar. Hæstiréttur segi hins vegar að málið snúist augljóslega um að varnaraðili vilji fá greiðsluna til sín. Fjárnámið sé gilt og því lokið og sýslumaður búinn að afhenda féð og fái ákvæði 72. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 21/1991 ekki breytt þeirri niðurstöðu. Þá segi Hæstiréttur að grunnregla 50. gr. laga nr. 19/1887 um aðför sé enn í gildi. Í þeirri lagagrein segi að fjárnámshafi missi eigi þann rétt er fjárnámið hafi honum veitt til að ná borgun, enda þótt skuldunautur síðan verði gjaldþrota. Stefnda segir að ljóst sé að ekki geti verið að rétturinn til að fá borgunina sé tryggur, en ekki sterkari en svo að gerðarbeiðandi eigi jafnharðan að afhenda greiðsluna til þrotabúsins. Stefnda segir bæði alþingi og Hæstiréttur hafi sett 138. gr. laga nr. 21/1991 skýr mörk, hún nái ekki lengra en efni hennar sjálfrar segi.

Stefnda segir að í varakröfu sinni krefjist stefnandi riftunar á grundvelli 139. gr. laga nr. 21/1991. Í þeirri grein sé fjallað um riftanlegar greiðslur þrotamanns sjálfs eftir frestdag. Í þessu máli hafi þrotamaður ekki greitt sjálfur heldur fullnustugerð verið á ferð, nauðungarsala og úthlutun. Tæmandi sé talið í 138. gr. laganna hvaða fullnustugerðum megi rifta. Beri því að hafna riftun á þessum grunni.

Þá segir stefnda að stefnandi segist byggja mál sitt á XII. kafla laganna. Skorti þar töluvert á að stefnandi uppfylli skýrleikaákvæði e og f liðar 80. gr. laga nr. 91/1991, og geti hann því ekki byggt mál sitt frekar á þessum málsástæðum. Stefnda segir að þessar málsástæður stefnanda virðist byggðar á þeirri forsendu að uppboðin hafi farið fram á grundvelli ógildra fullnustugerða, eins og segi í stefnu. Það sé hins vegar rangt og hafi engin tilraun verið gerð til að rökstyðja að fullnustugerðirnar hafi verið ógildar, enda hafi hvorki fjárnámum né uppboðum mótmælt og löngu liðnir allir frestir til þess.

Stefnda kveðst mótmæla kröfum og málsástæðum stefnda, þar á meðal um dráttarvexti og upphaf þeirra, sem fyrst geti orðið við uppkvaðningu dóms.

Stefnda kveðst vísa til 2. mgr. 56. gr. og 69. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu og 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira. Þá kveðst stefnda vísa til e og f liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 50. gr. eldri laga nr. 19/1887 um aðför. Þá kveðst stefnda styðja kröfu sína um málskostnað við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Í máli þessu er lítt deilt um málavexti. Ljóst er að þau nauðungaruppboð sem rakin hafa verið fóru fram á grundvelli fjárnáma sem gerð voru á síðasta hálfu ári fyrir frestdag við gjaldþrotaskipti Jarðvéla ehf.

Í málinu er deilt um skýringu 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira. Í henni segir að kyrrsetning í eign þrotamanns falli sjálfkrafa niður við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús til gjaldþrotaskipta ef eignin falli til þrotabúsins, og sama eigi við um löggeymslu og fjárnám, sem gert hafi verið í eign þrotamanns síðasta hálfu ár fyrir frestdag, renni eignin til búsins.

Samkvæmt 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991 er ljóst að við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti Jarðvéla ehf. féllu niður öll þau fjárnám í eignum félagsins, sem gerð höfðu verið síðasta hálfu árið fyrir frestdag, sem eins og áður segir var 11. janúar 2008. Dóminum þykir ljóst, að ekki geti önnur fjárnám „fallið niður“ en þau sem í gildi eru.

Þau fjárnám, sem urðu grundvöllur nauðungaruppboða á eignum Jarðvéla ehf., 1. desember 2007 eða 2. febrúar 2008, voru, vegna nauðungarsalanna, ekki lengur fyrir hendi, þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti félagsins var kveðinn upp hinn 7. febrúar 2008.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, að öll fjárnám hjá Jarðvélum ehf., gerð eftir 11. júlí 2007, hafi átt að falla úr gildi. Stefnandi segir að nauðungaruppboðin eigi að halda gildi sínu en þeim, er byggt hafi rétt til söluandvirðis af þeim, beri að endurgreiða þrotabúinu allan ávinning sem hann hafi haft af úthlutuninni.

Stefnda hafði fengið fjárnám í tilteknum eignum Jarðvéla ehf. Á grundvelli þeirra hélt sýslumaður nauðungaruppboð á eignunum og úthlutaði til stefnda af söluverði eignanna. Ekki er annað komið fram en að þetta hafi allt farið fram áður en Jarðvélar ehf. voru teknar til gjaldþrotaskipta og þar með áður en fjárnámin hefðu fallið úr gildi vegna úrskurðar um gjaldþrotaskipti.

Samkvæmt 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991 féllu, hinn 7. febrúar 2008, úr gildi þau fjárnám sem gerð höfðu verið í eignum Jarðvéla ehf. frá 11. júlí 2007 til þess dags. Eins og áður er rakið höfðu nokkur þeirra þá þegar orðið grundvöllur nauðungarsölu á eignunum og hafði sýslumaður úthlutað af söluandvirði til stefnda. Í 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991 eru taldar upp gerðir sem úr gildi falli við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti, og eru þar talin upp kyrrsetning, löggeymsla og fjárnám. Er nauðungarsölu þar ekki getið. Að áliti dómsins haggar það ekki nauðungarsölu þó svo fari, eftir að henni er að fullu lokið og úthlutað hefur verið, að fjárnám það sem hún var byggð á falli niður. Er þess einnig að gæta að 1. mgr. 138. gr. segir að fjárnám falli úr gildi en mælir ekki fyrir um að það skuli teljast ógilt frá öndverðu. Þykja nauðungarsölurnar ekki hafa farið fram á grundvelli ógildra fjárnáma heldur á grundvelli fjárnáma sem hefðu fallið úr gildi við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti. Í ljósi þessa þykir sem ákvæði 1. mgr. 138. gr. laganna verði ekki til þess að haggð verði við þeim nauðungarsölum sem fram fóru á eignum Jarðvéla ehf. og koma við sögu í máli þessu. Ekkert annað þykir liggja fyrir í málinu sem haggar nauðungarsölunum og verður því að byggja á því að þær standi óhaggaðar.

Stefnda hefur í ljósi framanritaðs fengið úthlutað af söluverði þess sem selt var nauðungarsölu og hefur gildi nauðungarsölunnar ekki verið haggð. Þykir dóminum sem þeim, sem slíka greiðslu fær, verði ekki síðar gert að greiða þrotabúi uppboðspóla fjárhæðina nema til komi skýr lagafyrirmæli.

Stefnandi byggir ekki á því að haggja beri nauðungarsölunum heldur beri stefnda að greiða stefnanda þann ávinning sem hann hafi haft. Kveðst stefnandi byggja þá skoðun sína á 1. mgr. 142. gr. sömu laga.

Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 450/1993, sem upp var kveðinn hinn 17. desember 1993, voru atvik á þann veg að gert hafði verið fjárnám í söluandvirði loðnufarms. Kaupandi farmsins greiddi andvirðið til sýslumanns sem greiddi til gerðarþola. Sama dag og það var gert óskaði gerðarþoli eftir gjaldþrotaskiptum. Þrotabúið krafðist ógildingar fjárnámsgerðar frá og með greiðslu sýslumanns, í þeim tilgangi að tryggja að greiðslan rynni til búsins. Í dómi sínum segir Hæstiréttur meðal annars að gerðarbeiðandi hafi öðlzt rétt gagnvart gerðarþola með viðtöku sýslumanns á greiðslu fjárnámskröfunnar í umboði hans, viku áður en beiðni um gjaldþrotaskipti hefði komið fram. Varð niðurstaða Hæstaréttar Íslands sú að rétturinn hafnaði því að andvirðið skyldi renna til þrotabúsins og var sérstaklega tekið fram að reglur 72. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 21/1991 breyttu því ekki.

Þykir dóminum sem ekkert hafi komið fram sem leiða eigi til þess, að svo skuli litið á að umræddur dómur Hæstaréttar sé ekki lengur í samræmi við gildandi rétt. Þykir dóminum sem ekki sé fyrir hendi skýr lagaskylda stefnda til að greiða stefnanda umrædda fjárhæð, þó að stefnda hafi tekið við henni samkvæmt úthlutun sýslumanns í framhaldi af nauðungaruppboði sem ekki hefur verið haggð. Stefnandi hefur í málinu byggt á að krafa sín sé í samræmi við þau sjónarmið sem liggja að baki XII. kafla laga nr. 21/1991. Að mati dómsins fá slík sjónarmið ekki breytt því sem að framan hefur verið ritað og telur dómurinn að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann eigi lögvarða kröfu á umkrafðri fjárhæð úr hendi stefnda. Verður stefnda því sýknað af aðalkröfu stefnanda.

Til vara krefst stefnandi riftunar þeirrar ráðstöfunar sem falizt hafi í úthlutun sýslumanns að úthluta fjármunum til stefnda í framhaldi af uppboðum hinn 2. febrúar 2008. Krefst stefnandi riftunarinnar með vísan til 139. gr. laga nr. 21/1991. Sú lagagrein, sem er í XX. kafla laganna sem fjallar um riftun ráðstafana þrotamanns og fleira, tekur til riftunar á greiðslu skuldar sem fram fer eftir fresttag. Verður að ætla að þar sé fremur átt við greiðslu þrotamanns sjálfs en það tilvik er sýslumaður tekur eign hans og selur nauðungarsölu. Í því ljósi að riftunarreglur eru undantekningarreglur sem mæla fyrir um að gerðir löggerningar gangi til baka, og eru að jafnaði íþyngjandi fyrir þann sem þeim þarf að sæta, þykir mega ætlast til þess að lagafyrirmæli um þær séu skýrar og afdráttarlausar um þá riftun sem þær heimila. Þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að stefnandi eigi lögvarða kröfu á hendur stefnda um að það þurfi að sæta riftun þeirrar úthlutunar sýslumanns á söluandvirði af uppboði sem fjallað hefur verið um í málinu. Í ljósi þessa verður stefnda sýknað af kröfum stefnanda í málinu en stefnanda gert að greiða stefnda 400.000 krónur í málskostnað.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Grétar Dór Sigurðsson héraðsdómslögmaður en af hálfu stefnda Þorsteinn Hjaltason héraðsdómslögmaður. Gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefnda, Kraftbílar ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Jarðvéla ehf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 400.000 krónur í málskostnað.